

Fundur í almannavarnanefnd í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra miðvikudaginn 17.05.2022 kl. 9.30.

Mættir: Páley Borgþórsdóttir, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir.

Ásthildur Sturludóttir vék af fundi eftir 1.lið, Snorri Finnlaugsson, Gísli Gunnar Oddgeirsson oddviti Grýtubakkahrepps, Björn S. Lárusson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sátu fundinn í fjarfundi.

Finnur Yngvi Kristinsson boðaði forföll.

Starfsmenn: Kristján Kristjánsson, Grímur Snær Kárason, Gunnar Rúnar Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Grímur Kárason starfsmaður nefndarinnar.

Dagskrá:

1. Starf nefndarinnar frá síðasta fundi.

a. Virkjun AST

AST var virkjuð talsvert frá síðasta fundi nefndarinnar sem haldinn var þann 21.09.2022. Hér eru ekki nefnd mál sem voru unnin á vegum lögreglu og björgunarsveita án virkjunar AST.

- 07.10.22.** Óvissustig F3 Grænn. Vegna slæmrar veðurspár
- 14-15.10.22.** F1 ÆFING Rauður. Flugslysæfing Akureyri.
- 17.10.22.** Jarðskjálfta æfing með Veðurstofunni á TEAMS.
- 17.11.22.** F2 grænn Hættustig. Aurskriða á Grenivíkurveg.
- 21.11.22.** F3 grænn Óvissustig. Akureyrarflugvöllur.
- 22.11.22.** F2 gulur. Leit að manni á Akureyri.
- 17.12.22.** Útkall grænn Óvissustig. Akureyrarflugvöllur.
- 19.12.22.** Gul veðurviðvörðun.
- 15.05.23** F1 Hættustig AST virkjun, Akureyrarflugvöllur.

b. Jarðskjálftar

- 10.12.22** Jarðskjálfti austan við Flatey 2,8 að stærð
- 10.-13.02.22** Vök í Öskjuvatni stækkar hratt.
- 13.02.23** Skjálftahrina norður af Kolbeinsey og í Bárðarbungu.
 - Seinni hluta febrúar var fylgst vel með mikilli bráðnun íss á Öskjuvatni.
 - Í mars var sett saman ný viðbragðsáætlun vegna hraungoss norðan Vatnajökuls.
- 06.03.23.** Jarðskjálfti við Herðubreið 3,3 að stærð
- 06-12.3.23** Jarðskjálfti við Grímsey 3,8 að stærð
- 13-19.3.23** Stærsti skjálfti vikunnar mældist 3,1 í Bárðarbungu þann 19.mars.
- 26.03.23** Skjálftar ASA af Grímsey um 2,0 af stærð
- 3-9.04.23** Stærstu skjálftar vikunnar voru norður af Siglufirði í hrinu sem þar var ásamt hrinu skjálfta vestan Herðubreiðar sem taldi um 100 jarðskjálfta.

Páley fór yfir starf nefndarinnar frá síðasta fundi og gerði m.a. grein fyrir nýrri viðbragðsáætlun vegna

Hraungosa norðan Vatnajökuls sem er í vinnslu.

2. Ársreikningur ALNEY 2022

Rekstrartekjur ársins í formi framlaga sveitarfélaga voru samtals 5.488.530 kr., rekstrargjöld 5.560.746 kr. og því tap á rekstri sem nam 72.216 kr. án fjármagnsliða. Með fjármagnstekjum var niðurstaðan hagnaður að fjárhæð 99.731 kr. Efnahagsreikningur sýnir óráðstafað eigið fé að fjárhæð 6.310.060 auk afkomu ársins eða samtals 6.409.791 kr.

Páley fór yfir ársreikninginn og skýrði hann fyrir nefndarfólki. Boðið var upp á umræður um ársreikninginn og hann borinn undir atkvæði. Ársreikningur nefndarinnar samþykktur með öllum greiddum atkvæðum og undirritaður af viðstöddu nefndarfólki.

3. Fyrirliggjandi hópslysaæfingar

Kristján Kristjánsson gerði grein fyrir þeim æfingum sem eru á döfinni, fyrir liggur að haldin verður flugslysaæfing á Húsavík 30. september n.k. Þá var rætt um fyrirhugaðar snjóflóðaæfingar á Tröllaskaga og samvinnu við Varðskipið Freyju sem á heimahöfn á Siglufirði.

4. Ráðstefna aðgerðastjórna í umdæmi LSNE 3.-5. febrúar 2023

Á síðasta fundi almannavarnanefndar samþykkti nefndin að standa undir kostnaði við ráðstefnu aðgerðastjórna í umdæmi LSNE. Ráðstefnan var haldin 3. til 5. febrúar 2023. Ráðstefnan var haldin á Húsavík, var vel sótt og voru yfir 50 manns sem mættu til hennar, erindi voru fjölbreytt og fjölmargir gestir héldu erindi. Góður rómur var gerður að ráðstefnunni og þar komu fram ýmsar góðar hugmyndir, menn styrktu tengslin og fengu mikla fræðslu.

Lögreglustjóri afhenti björgunarsveitum ökutæki sem útbúin hefur verið sem vettvangsstjórnunarbíll. Samningur var gerður um rekstur og notkun ökutækisins en það verður vistað hjá björgunarsveitinni Súlum til notkunar á vettvangi þegar þörf er á hvort sem er í verkefnum þar sem lögregla virkjar AST eður ei. Almannavarnanefnd styrkti verkefnið með 1 milljón króna sem til fellur á þessu ári og notað var til kaupa á tölvubúnaði sem settur var upp í vettvangsstjórnunarbílinn.

Páley fór yfir dagskrá ráðstefnunnar sem tókst í alla staði mjög vel og var mikil ánægja meðal þátttakenda og allir sammála um mikilvægi þess að halda reglulega slíkar ráðstefnur í umdæminu.

Nokkur umræða var meðal nefndarfólks sem voru allir sammála mikilvægi þess að stjórnendur aðgerða í umdæminu hittust á slíkum vettvangi reglulega til að stilla saman strengi og lýstu yfir áhuga á að fá að sitja slíka ráðstefnu.

5. Önnur mál.

- a.** Lögreglustjóri kynnti að embættið mun ekki halda úti Hálendis eftirliti í ár vegna niðurskurðar sem varð hjá embættinu á milli ára. Þá verður heldur ekki haldið úti sérstöku sumarefirliti sem fólst í sérstöku eftirliti á ferðamannastöðum.

Talsverð umræða varð um málið og nefndarfolk sammála um mikilvægi þess að embættinu yrði gert mögulegt að halda þessu eftirliti áfram eins og verið hefur og munu styðja embættið í að reyna tryggja fjárframlög til að sinna nauðsynlegum verkefnum.

Páley fór einnig yfir þær viðbragðsáætlanir sem til eru í umdæminu.

b. Síma og fjarskiptamál.

Viljum gera kröfur til símafyrirtækjanna að laga samband þar sem þörfin er mest. Þeir hafa aldrei fengið nákvæmar upplýsingar í hendurnar og við bindum vonir við að það muni nýtast.

Grímur gerði grein fyrir því að verið væri að vinna með þau gögn sem sveitarfélögin sendu frá sér með greiningu á þeim stöðum sem hefðu hvað verst símasamband. Með öflun þeirra gagna var verið að horfa sérstaklega til fjölfarinna ferðamannastaða sem og umferðapýngri vega í umdæminu.

Lögð hefur verið áhersla á að fyrirtækin skoði slíka staði sérstaklega með það í huga að bæta fyrst úr símasambandi þar.

Fleira ekki gert fundi slitið 10.40